

ENVIRONMENTAL POLICY

1.1 UMHVERFISSTEFNA

Advania leggur áherslu á að starfa í sátt við umhverfið og hefur sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi í rekstri félagsins. Stefna Advania er að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið og styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum. Advania á Íslandi stefnir á að vera kolefnishlutlaust fyrirtæki fyrir árið 2030, með því að einblína á að draga markvisst úr losun og binda eftirstandandi losun vegna starfseminnar með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.

Því leggur Advania áherslu á:

- Að fylgja lagakröfum á sviði umhverfismála og að leggja sitt af mörkum til að mæta öðrum kröfum og væntingum sem hagaðilar bera til Advania um að vernda umhverfið.
- Að starfa í takt við alþjóðleg viðmið og loftslagsvísindi.
- Stuðla að gagnsæi og vitundarvakningu með því að hafa umhverfisupplýsingar um vörur aðgengilegar viðskiptavinum.
- Vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum, mæla losun vegna starfseminnar a.m.k. árlega og ná vísindalega samþykktum markmiðum (e. science-based targets) að draga úr losun.
- Að vinna náið með samstarfsaðilum og birgjum til að draga úr óbeinum umhverfisáhrifum í virðiskeðjunni.
- Að stuðla að aukinni hringrásarhugsun, lágmarka notkun spilliefna, hámarka endurvinnslu og endurnotkun innan fyrirtækisins. Að lágmarka hráefnanotkun og úrgangsmýndun og hvetja starfsfólk til að flokka sorp sem fellur til. Flokkun sorps höfuðstöðva Advania styðst við Fenúr samræmt norrænt merkingakerfi.
- Að stuðla að bættri umhverfisvitund starfsfólks með fræðslu og halda starfsfólki og stjórnendum upplýstu um mikilvægi ábyrgrar hegðunar á sviði umhverfismála.
- Að upplýsa opinberlega a.m.k. árlega um markmið og árangur Advania í umhverfismálum í formi sjálfbærnisráðgjafar og á heimasíðu Advania.

Forstjóri Advania ber ábyrgð á stefnunni og felur forstöðumanni sjálfbærni að sjá til þess að henni sé fylgt eftir. Starfsfólk framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í sínum störfum.